

109/01 - Madredeus

Madredeus, skipverji slasast við vinnu í vélarrúmi

Madredeus

Skipaskr.nr.: IMO: 8107567

Smíðaður:

Stærð: brl; bt

Lengd: m **Breidd:** m **Dýpt:** m

Vél: kW **Árgerð:**

Annað: Erlent flutningaskip, "Bulk Carrier"

Földi skipverja: 25

Atvikalýsing

Þann 18. nóvember 2001 var ms. Madredeus við bryggju á Grundartanga við losun.

Á meðan skipið var við bryggju voru vélstjórar og aðstoðamenn, samtals 5 menn, í vél að störfum í við að taka upp stimpil úr aðalvél. Upptöku og hreinsun stimpilsins var lokið og verið að setja saman. Stimpillinn ásamt stimpilstönginni voru látin síga niður um strokkinn þar sem tenging átti að fara fram. Einn vélstjóranna var inn í sveifarhúsi til að stilla stimpilstöngina af svo hægt væri að tengja hana við sveifarásinn. Skyndilega féll stimpillinn með stimpilstönginni niður með þeim afleiðingum að hún lenti á báðum fótum hans og kramdi þá illa niður á leggi.

Afleiðing þessa óhapps var sú að taka þurfti af skipverjanum báðar fætur af um miðbik fóleggja.

Við rannsókn kom fram

- að stimpilstöngin hafði verið fest til að hún félli ekki stjórnlaust niður í sveifarhúsið, en var losuð af óskýrðum orsökum;
- að þrengsli og hálka af olíusmiti í sveifarhúsinu hamlaði hreyfingum hins slasaða til að getað forðað sér;
- að boðskipti milli vinnuhópa í sveifarhúsinu og ofan á strokknum voru með þeim hætti að barið var í blokk vélarinnar. Eitt högg merkti stöðvun slökunar og tvö högg merktu slaka;
- að sögn slasaða höfðu þessir fimm menn oft unnið við samskonar verk saman og það gengið vel.

Nefndarálit

Nefndin hefur ekki forsendur til að álykta í þessu máli.